

LÖG

um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI Gildissvið.

1. gr.

Sjóðstofnun og sjóðfélagar.

Stofnaður skal sjóður sem ber heitið Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga. Tilgangur sjóðsins er að vera tryggingasjóður vegna atvinnuleysis sjóðfélaga samkvæmt lögum þessum.

Sjóðfélagar eru bændur, vörubifreiðastjórar, smábátaeigendur og aðrar starfsgreinar sjálfstætt starfandi einstaklinga eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Sjóðurinn starfar í deildum samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Í þeim komi meðal annars fram sá lágmarksfjöldi einstaklinga sem til þarf svo unnt sé að stofna deild.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs og skrifstofuhald.

Félagsmálaráðherra skipar stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga til fjögurra ára í senn. Bændasamtök Íslands, Landssamband smábátaeigenda, Landssamband vörubifreiðastjóra, fjármálaráðuneyti og önnur starfsgreinasamtök sem öðlast aðild að sjóðnum skulu tilnefna einn stjórnarmann hver og einn til vara, þó þannig að séu fleiri en ein starfsgreinasamtök í sömu deild sjóðsins skulu þau sameiginlega tilnefna einn stjórnarmann. Félagsmálaráðherra skipar formann án tilnefningar og varaformann úr hópi aðalmanna.

Stjórn sjóðsins skal öll standa að gerð umsagna og tillagna um breytingar á lögum og reglum um sjóðinn og að meiri háttar ákvörðunum sem snerta fjárhag hans.

Stjórn sjóðsins skal hafa samráð og samvinnu við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna framkvæmdar laga þessara.

Þóknun stjórnarmanna greiðist úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Vinumálastofnun skal annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn í umboði sjóðstjórnar og undir eftirliti og umsjá hennar. Ráðherra getur ákveðið annað fyrirkomulag að fenginni umsögn sjóðstjórnar.

3. gr.

Sjóðfélagar.

Sjóðfélagar samkvæmt lögum þessum eru:

1. Bændur: Þeir sem stunda búrekstur í atvinnuskyni. Undir búrekstur fellur hvers konar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylækt sem stunduð er til tekjuöflunar, svo og eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda og þjónusta á lögbýlum er nýtir gæði jarðar eða aðra framleiðslu landbúnaðar í framangreindum tilgangi.
2. Smábátaeigendur: Útgerðaraðilar smábáta undir 10 brúttótonnum sem hafa leyfi til að veiða í atvinnuskyni.
3. Vörubifreiðastjórar: Þeir sem stunda leiguakstur eigin vörubifreiðar samkvæmt lögum um leigubifreiðar.
4. Aðrar starfsgreinar sjálfstætt starfandi einstaklinga sem gerast aðilar að sjóðnum samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð sem ráðherra setur.

II. KAFLI

Almenn skilyrði bótaréttar.

4. gr.

Almenn bótaskilyrði.

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum eiga sjóðfélagar, sbr. 3. gr., sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Eru orðnir 16 ára að aldri en yngri en 70 ára.
2. Hafa stöðvað rekstur, sbr. 5. gr.
3. Hafa óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi.
4. Eru búsettir hér á landi.
5. Hafa á síðustu tólf mánuðum áður en þeir stöðvuðu rekstur eða urðu atvinnulausir staðið mánaðarlega í skilum með greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi í a.m.k. þrjá mánuði áður en rekstur stöðvaðist, en hlutfallslega lengur hafi tekjur af rekstri verið lægri en viðmiðun reiknaðs endurgjalds í hlutaðeigandi starfsgrein samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra. Hafi sjóðfélagi unnið sem launþegi þegar hann varð atvinnulaus skal hann eiga rétt á bótum úr sjóðnum hafi hann unnið samtals í a.m.k. tíu vikur miðað við fullt starf í tryggingagjaldsskyldri vinnu en hlutfallslega lengri tíma ef um hlutastarf hefur verið að ræða, sbr. þó 17. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar, sbr. lög nr. 46/1993. Til að finna vinnuframlag sjómanna á fiskiskipum sem skylt er að lögskrá skal telja fjölda lögskráningardaga. Mánaðarvinna sjómanna telst 21,67 lögskráningardagar.
6. Hafa í upphafi bótatímabils verið skráðir atvinnulausir í þrjá daga samfelld.
7. Eru reiðubúnir að ráða sig til allra almennra starfa eða hefja sjálfstæðan rekstur.

Sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði laga þessara um bótarétt, skal ekki á sama tíma njóta atvinnuleysisbóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

5. gr.

Lok sjálfstæðrar starfsemi.

Sjóðfélagi skal samkvæmt lögum þessum teljast atvinnulaus:

1. Ef hann hefur stöðvað rekstur.
2. Hefur ekki tekjur eða tekjuígildi af rekstri.
3. Hefur ekki hafið störf sem launþegi.
4. Er sannanlega í atvinnuleit og getur tekið tilboðum um atvinnu.

Ráðherra skal, að fenginni umsögn stjórnar sjóðsins, setja nánari viðmiðunarreglur um hvað telst stöðvun rekstrar í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

6. gr.

Geymdur bótaréttur vegna náms eða heimilisaðstæðna.

Sá sem fullnægir skilyrðum bótaréttar en fer í nám eða verður að hverfa frá vinnu af heimilisaðstæðum heldur í allt að 24 mánuði þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Sama á við um þá sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.

Á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr. heldur sá sem fer í fæðingarorlof áunnum bótarétti meðan á töku fæðingarorlofs stendur.

7. gr.

Geymdur bótaréttur vegna veikinda.

Sjóðfélagi, sem hefur áunnið sér rétt til bóta, en verður að hverfa frá vinnu vegna veikinda, heldur þeim bótarétti er hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann veikindin með læknisvottorði sæki hann um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum.

Atvinnuleysi vegna veikinda skapar út af fyrir sig ekki rétt til atvinnuleysisbóta.

Sé um skerta vinnufærni að ræða getur svæðisvinnumiðlun óskað eftir að umsækjandi leggji fram vottorð um vinnufærni sína.

Svæðisvinnumiðlun er heimilt að leita álits trúnaðarlæknis Atvinnuleysistryggingasjóðs á vinnufærni umsækjanda.

8. gr.

Atriði sem girða fyrir rétt til bóta eða skerða bótatímabil.

Þrátt fyrir ákvæði 4.–7. gr. eiga eftirtaldir sjóðfélagar ekki rétt á bótum:

1. Þeir sem taka þátt í verkfalli eða verkbann tekur til.
2. Þeir sem njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.
3. Þeir sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.
4. Þeir sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á. Réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið fellur niður í 40 bótdaga í fyrsta sinn og skerðist bótatímabil sem því nemur. Missi maður aftur rétt til bóta öðlast hann ekki bótarétt að nýju nema hann sanni að hann hafi stundað tryggingarskylda vinnu í samfelld sex vikur eftir að hann missti bótaréttinn.
5. Þeir sem sviptir hafa verið leyfi til að stunda atvinnurekstur í þeim starfsgreinum sem falla undir gildissvið laga þessara. Réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið fellur niður í 40 bótdaga og skerðist bótatímabil sem því nemur.
6. Þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar. Stjórn sjóðsins er heimilt að setja reglur um að þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar skuli undir sérstökum kringumstæðum eiga bótarétt. Reglur þessar skulu hljóta staðfestingu ráðherra.
7. Þeir sem reynt hafa að afla bóta með athæfi er greinir í V. kafla.

III. KAFLI

Bótatímabil og fjárhæð bóta.

9. gr.

Upphaf bótatímabils, biðtími og bótagreiðslur.

Sjóðfélagi, sem öðlast bótarétt samkvæmt lögum þessum, á rétt á bótum frá og með fyrsta skráningardegi.

Fái hinn atvinnulausi tilfallandi vinnu, dag og dag, skulu atvinnuleysisbætur hans skerðast vegna þessarar vinnu til samræmis við unninn stundafjölda og hlutfall bótaréttar hans þannig að samtals átta stunda vinna valdi skerðingu hámarksbóta í einn dag. Slík tilfallandi vinna skal ekki hafa áhrif á áunninn rétt til atvinnuleysisbóta fyrr en hún nemur samtals 173 vinnustundum á hverju tólf mánaða eða styttra tímabili.

Atvinnuleysisbætur skulu greiddast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju bótatímabili.

10. gr.

Lok bótatímabils.

Bótatímabil skal að hámarki vera fimm ár. Fái sjóðfélagi launaða vinnu á bótatímabili eða hefur á ný sjálfstæða starfsemi framlengist bótatímabil hans sem svarar starfstímabilum.

Vari starfstímabil innan bótatímabils samfelld í tólf mánuði eða lengur skal úthlutunarnefnd endurmeta bótarétt hlutaðeigandi, sbr. 4. gr.

Nýtt bótatímabil getur hafist að liðnum tólf mánuðum frá því að bótatímabili lauk, enda hafi sjóðfélagi staðið skil á tryggingagjaldi vegna sjálfstæðrar starfsemi í starfsgrein sem fellur undir gildissvið laga þessara í a.m.k. sex mánuði eftir lok bótatímabils.

11. gr.

Fjárhæð bóta.

Hámarksbætur atvinnuleysistrygginga skulu nema 2.433 kr. á dag. Lágmarksbætur eru ¼ hluti sömu fjárhæðar. Fjárhæð hámarksbóta kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæð ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga eða ef sýnt þykir að ekki sé fyrir hendi nægilegt fé í sjóðnum til þess að mæta skuldbindingum hans.

Til viðbótar fjárhæð bóta skv. 1. mgr. skal greiða þeim sem hafa framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára 4% af fjárhæð dagpeninga með hverju barni. Annist Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtu meðlags vegna barns skal fjárhæðin renna beint til stofnunarinnar á móti kröfum hennar á hendur hinum meðlagsskylda.

Af atvinnuleysisbótum greiðir hinn atvinnulausi 4% í lífeyrissjóð og sjóðurinn 6%.

Ellli- og örorkulífeyrir, svo og örorkustyrkur frá Tryggingastofnun ríkisins, skal koma til frádráttar atvinnuleysisbótum. Sama gildir um greiðslur úr almennum og frjálsum lífeyrissjóðum. Fáir hinn atvinnulausi ekki fullar atvinnuleysisbætur skal eingöngu skerða bæturnar hlutfallslega.

12. gr.

Reglur um útreikning bóta.

Hámarksbætur greiðast þeim sem hefur verið skráður sem sjálfstætt starfandi og hefur staðið mánaðarlega í skilum með greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi miðað við síðustu tólf mánuði áður en hann varð atvinnulaus. Ella greiðast bætur hlutfallslega miðað við fjölda mánaða sem tryggingagjaldi var skilað.

Hafi hlutaðeigandi á liðnum tólf mánuðum verið bæði í launavinnu og rekstri skal hver mánuður sem tryggingagjald og staðgreiðsluskattur hefur verið greitt fyrir miðað við fullt starf samsvara fullri dagvinnu þann mánuð við úrskurð bóta.

Bótahlutfall getur aldrei orðið hærri en sem nemur því starfshlutfalli sem maður er reiðubúinn að ráða sig í.

Bætur vegna barna skv. 2. mgr. 11. gr. skerðast ekki.

Nú hefur umsækjandi, sem hefur áunnið sér bótarétt, auk þess stundað skólanám á síðustu tólf mánuðum í ekki skemmri tíma en sex mánuði og lokið námi eða einsýnt þykir að hann hafi hætt námi og skal þá reikna honum 13 vikur vegna námsins til viðbótar vinnuframlagi hans. Nú á umsækjandi geymdan bótarétt, sbr. 6. og 7. gr., og fær hann þá bætur í samræmi við það, nema starfstími hans eftir að hann hóf að nýju störf gefi tilefni til annars.

Hafi umsækjandi notið bóta á síðustu tólf mánuðum reiknast bótadagar á því tímabili til starfstíma í sama hlutfalli og bótaréttur hans var.

13. gr.

Skrá um ákvörðun bóta.

Stjórn sjóðsins skal semja skrá um ákvörðun bóta. Skráin skal tilgreina 76 þrep, frá 25% til 100% bóta, þannig að bætur hækki um 1% hámarksbóta við hvert þrep eftir lengd þess tímabils er umsækjandi bóta hefur staðið skil á greiðslu tryggingagjalds eða eftir starfstíma og starfshlutfalli.

IV. KAFLI
Um missi bótaréttar.

14. gr.

Atvinnuleysisskráning.

Sjóðfélagi sem nýtur bótaréttar skal skrá sig vikulega hjá viðurkenndum skráningaraðila. Geti hann ekki skráð sig vegna veikinda skal hann skrá sig næsta dag sem honum er unnt.

Skrái hann sig ekki á tilskildum degi skal hann sæta missi bóta fyrir þá daga sem liðnir eru frá síðustu skráningu þar til hann skráir sig á ný.

Stjórn sjóðsins getur, að fengnum tillögum svæðisráðs svæðisvinnumiðlunar, ákveðið að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning fara fram með öðrum hætti en vikulega.

Umsækjandi bóta skal er hann skráir sig gefa skráningaraðila upplýsingar hafi breytingar orðið á högum hans er varða rétt hans til bóta frá því að hann skráði sig síðast.

15. gr.

Þýðing þess að starfi er hafnað.

Það veldur missi bótaréttar að neita starfi sem býðst fyrir milligöngu svæðisvinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.

Bótaréttur fellur ekki niður þótt sá sem hefur notið bóta í skemmri tíma en fjórar vikur hafni vinnu í starfsgrein sem hann hefur ekki áður stundað, enda séu góðar líkur á því að hann muni fá vinnu í sinni starfsgrein.

Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt m.a. heimilisaðstæðna umsækjanda.

Um missi bótaréttar samkvæmt þessari grein gilda að öðru leyti ákvæði 4. tölul. 8. gr.

16. gr.

Starfsleitaráætlun.

Samkvæmt ákvörðun úthlutunarnefndar getur það valdið missi bótaréttar ef sá sem skráður er atvinnulaus tekur ekki þátt í gerð starfsleitaráætlunar á vegum svæðisvinnumiðlunar eða fylgir ekki slíkri áætlun, þar á meðal hafnar úrræðum svæðisvinnumiðlunar skv. e-lið 1. mgr. 10. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Um missi bótaréttar gilda jafnframt ákvæði 4. tölul. 8. gr.

17. gr.

Hlutastörf.

Þjóðist hinum atvinnulausa starf sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans segir til um skal úthlutunarnefnd meta með hliðsjón af möguleikum hans á fullu starfi hvort honum sé eftir atvikum rétt eða skylt að taka því hlutastarfi sem í boði er.

18. gr.

Almenn skilyrði á biðtíma.

Þeir sem sæta biðtíma eftir bótum skulu hlíta reglum um eftirlit með því að bótaskilyrðum sé fullnægt. Skal þeim einnig skylt að taka starfi sem býðst að viðlögðum missi bóta samkvæmt reglum laga þessara.

V. KAFLI

Viðurlög og refsingar.

19. gr.

Viðurlög vegna rangra, villandi eða leyndra upplýsinga.

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða leyna upplýsingum um hagi sína missir rétt til bóta.

Fyrsta brot varðar missi bóta í 2–6 mánuði en ítrekað brot í 1–2 ár.

Nú hefur maður aflað sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða leyna upplýsingum um hagi sína og skal hann þá til viðbótar missi bóta endurkrafinn um allt að tvöfaldri þeirri bótafjárhæð sem þannig var aflað.

20. gr.

Sviksamlegt athæfi við öflun bóta.

Það varðar sektum að gefa rangar upplýsingar eða leyna upplýsingum í því skyni að fá bætur greiddar eða aðstoða við slíkt athæfi.

Um meðferð slíkra mála fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

VI. KAFLI

Ákvörðun bóta og málskot.

21. gr.

Úthlutunarnefnd.

Stjórn sjóðsins skal skipa úthlutunarnefnd til fjögurra ára í senn. Bændasamtök Íslands, Landssamband smábátaeigenda, Landssamband vörubifreiðastjóra og önnur starfsgreinasamtök sem öðlast aðild að sjóðnum skulu tilnefna einn nefndarmann hver, þó þannig að séu fleiri en ein starfsgreinasamtök í sömu deild sjóðsins skulu þau sameiginlega tilnefna einn nefndarmann. Félagsmálaráðherra tilnefnir tvo nefndarmenn, þar af formann. Vararmenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Úthlutunarnefnd ákvarðar bætur og missi bóta samkvæmt lögum þessum.

Þóknun úthlutunarnefndar greiðist úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar svo og kostnaður sem af starfi nefndarinnar leiðir.

Vinumálastofnun skal sjá úthlutunarnefnd fyrir nauðsynlegri aðstoð og aðstöðu.

Úthlutunarnefnd ákveður fyrirkomulag á afgreiðslu bóta.

22. gr.

Úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta.

Ákvarðanir úthlutunarnefndar skal tilkynna til hlutaðeigandi umsækjanda og stjórnar sjóðsins. Þessum aðilum er heimilt að skjóta ákvörðun úthlutunarnefndar til úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar innan þriggja mánaða frá því að aðilum var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Úrskurðir nefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Kostnaður af störfum úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta vegna þeirra mála er varða úthlutunarnefnd sjóðsins greiðist úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

VII. KAFLI

Tekjur sjóðsins og fjárreiður.

23. gr.

Tekjur.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tekjur af atvinnuþryggingagjaldi sem stafar frá sjóðfélögum og rennur í sjóðinn, sbr. ákvæði laga um tryggingagjald.
2. Stofnframlag Atvinnuleysistryggingasjóðs, sbr. bráðabirgðaákvæði I.
3. Vextir af innstæðufé sjóðsins.

Hver starfsgrein skal njóta bóta úr sinni deild og tekjur sjóðsins frá hverri starfsgrein, sbr. 1. tölul. 1. mgr., renna til viðkomandi deildar. Halda skal fjárhag deildanna aðskildum.

24. gr.

Fjárreiður.

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um ávöxtun fjár sjóðsins. Skal þess gætt að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

Eftir hver áramót skal stjórn sjóðsins gefa ráðherra ítarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Stjórnin skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn.

Minnst tíu hundradshluta árlegra tekna sjóðsins samkvæmt lögum um tryggingagjald skal leggja í varasjóð hvernar deildar þar til hann nemur eins árs útgreiðslu bóta miðað við síðastliðið ár. Eftir þann tíma skulu að jafnaði vera fjármunir í varasjóði sem duga til eins árs útgreiðslu bóta úr viðkomandi deild miðað við greiðslur úr honum á síðastliðnum þremur árum. Óheimilt er að ráðstafa úr varasjóði nema að fengnu samþykki ráðherra.

Ef sýnt þykir að deildir sjóðsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins gera tillögu til ráðherra um hertar úthlutunarreglur, um skerðingu bóta og/eða um hækkun á tekjum viðkomandi deildar.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum deilda hans.

25. gr.

Styrkir vegna sérstakra úrræða og búferlaflutninga.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki vegna úrræða fyrir atvinnulausa á vegum svæðisvinnumiðlana. Stjórninni er enn fremur heimilt að veita styrki til þess að aðstoða atvinnulausa við búferlaflutninga vegna atvinnutilboða.

Stjórnin skal setja reglur um styrki samkvæmt þessari grein sem staðfestar skulu af ráðherra.

26. gr.

Gerð ársreiknings og endurskoðun.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir ár hvert í Lögbirtingablaði.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Aðgreining sjóða.

Hafi einstaklingur starfað sjálfstætt í einni þeirra starfsgreina sem falla undir gildissvið þessara laga á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um bætur úr sjóðnum en jafnframt

starfað sem launþegi, sbr. 2. mgr. 12. gr., skal hann eiga rétt til bóta úr sjóðnum, enda eigi hann ekki rétt til hærri bótafjárhæðar úr Atvinnuleysistryggingasjóði einum sér. Að öðrum kosti fer um rétt viðkomandi til bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

28. gr.

Fjárnám og frádráttur gjalda.

Eigi má gera fjárnám í bótum samkvæmt lögum þessum sem eigi hafa verið greiddar hinum atvinnulausa. Eigi má heldur taka bætur til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda. Óheimilt er að draga félagsgjöld til stéttarféлага eða hagsmunasamtaka af bótum nema skriflegt samþykki bótaþega liggi fyrir.

29. gr.

Upplýsingar vegna framkvæmdar laganna.

Skattstjórum, Tryggingastofnun ríkisins, Innheimtustofnun sveitarfélaga og hlutaðeigandi lífeyrissjóðum er skylt að láta sjóðnum og úthlutunarnefnd í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem sjóðnum eru láttnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið sem trúnaðarmál.

30. gr.

Bætur vegna samdráttar og gjaldþrota fyrirtækja.

Um bótarétt vegna samdráttar og gjaldþrota fyrirtækja skal fara samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

31. gr.

Reglugerð um framkvæmd laganna.

Ráðherra skal, að fenginni umsögn sjóðstjórnar, setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga.

32. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Atvinnuleysistryggingasjóður skal leggja deildum Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga til stofnframlag við gildistöku laga þessara. Upphæð þessa framlags skal nema mismuninum á hlutfalli atvinnutryggingagjalds í greiddu tryggingagjaldi sjóðfélaga í viðkomandi deild og ústreymis vegna greiðslna atvinnuleysisbóta til sömu aðila samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, á tímabilinu frá 1. janúar 1996 til 1. júlí 1997.

Öðlist samtök nýrra starfsgreina aðild að sjóðnum skal á sama hátt og greinir í 1. mgr. greiða framlag úr Atvinnuleysistryggingasjóði til deilda hans. Vinnumálastofnun skal sjá um útreikning framlagsins og skal það að jafnaði miðast við 18 mánaða tímabil áður en viðkomandi starfsgreinasamtök öðlast aðild að sjóðnum.

II.

Þeir sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa hafið bóatímabil samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, fyrir gildistöku laga þessara, skulu frá og með 1. júlí 1997 færast yfir til Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga og njóta bóta úr honum einvörðungu hafi þeir tilheyrt starfsgreinum sem sjóðurinn tekur til, sbr. 3. gr., er þeir hófu bóatímabil.

Við mat á bótarétti þeirra sem njóta ekki bótaréttar úr Atvinnuleysistryggingasjóði skal viðmiðunartímabilið um skilyrði bótaréttar samkvæmt lögum þessum vera 1. júlí 1995 til 1. júlí 1997.

III.

Hafi maður verið á atvinnuleysisbótum 1. júlí 1994 og samfelld síðan getur bóatímabil hans að hámarki varað til 1. júlí 1999. Nú hefst bóatímabil eftir 1. júlí 1994 og viðkomandi hefur verið samfelld á atvinnuleysisbótum fram að gildistöku laga þessara og getur þá bóatímabil að hámarki orðið fimm ár.

IV.

Aðrar starfsgreinar sjálfstætt starfandi einstaklinga en bændur, vörubifreiðastjórar og smábátæigendur geta öðlast aðild að sjóðnum, að fengnu samþykki ráðherra, óski samtök þeirra þess. Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um aðild að sjóðnum skal hann leita umsagna stjórna Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

V.

Þrátt fyrir ákvæði 32. gr. tekur 16. gr. laga þessara gildi 1. janúar 1998.

VI.

Lög þessi skulu endurskoðuð að liðnum tveimur árum frá gildistöku þeirra.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

- a. E-liður 3. tölul. orðast svo: Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflytninga og eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.
- b. C-liður 4. tölul. orðast svo: Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflytninga og eru 5 tonn eða minna að heildarþyngd.